

Sóknaraðili hefur ekki sannað gegn andmælum varnaraðila, að Friðrik hafi verið ráðinn í ferð nr. 59. Að svo vöxnu máli þykja ekki efni til að dæma Friðriki bætur, svo sem krafist hefur verið í 2. kröfulið.

Ekki er, eins og á stendur, efni til að dæma varnaraðila til greiðslu sektar samkvæmt 65. gr. laga nr. 80/1938.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 6. apríl 1984.

Nr. 2/1984. **Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**

(Guðrún Margrét Árnadóttir hdl.)

gegn

Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja

f.h. Kennarasambands Íslands

(Gestur Jónsson hrl.).

Frávísunarkröfu hafnað.

Úrskurður Félagsdóms.

Mál þetta dæma Bjarni Kristinn Bjarnason, Björn Helgason, Gunnlaugur Briem, Ragnar Halldór Hall og Sigurfinnur Sigurðsson.

Málið er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 29. febrúar 1984 af fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs gegn Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja f.h. Kennarasambands Íslands, og eru stefnukröfur þær, „að viðurkennt verði með dómi, að kennurum í grunnskólum sé skylt að sinna gæslustörfum í kaffihléum sínum skv. löglegum fyrirmælum yfirmanna sinna og í samræmi við ákvæði 31. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda að mati réttarins.“

Í greinargerð, sem er dagsett 19. mars 1984, hefur stefndi gert eftirfarandi dómkröfur: *Aðallega*, að málinu verði vísað frá Félagsdómi. *Til vara*, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda.

Krafist er málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins í báðum tilvikum.

Munnlegur málflytningur fór fram um hina framkomnu frá-
vísunarkröfu 28. f.m., og var málið því næst tekið til dóms eða
úrskurðar.

Í þessum þætti málsins gerir stefndi þær kröfur, að málinu verði
vísað frá Félagsdómi og að stefnandi verði dæmdur til að greiða
honum málskostnað.

Stefnandi krefst þess í þessum þætti málsins *aðallega*, að hinni
framkomnu frávísunarkröfu verði hrundið og að stefnanda verði
úrskurðaður málskostnaður úr hendi stefnda, en *til vara*, að máls-
kostnaður verði felldur niður.

I.

Tildrög málsins kveður stefnandi vera þau, að kennarar í Vestur-
bæjarskóla hafi sammælt á fundi 6. september 1983 um að sinna
ekki gæslu nemenda í kaffihléum sínum. Hafi kennarar borið við
sammingsbundnum rétti til kaffitíma. Málið hafi verið sent fræðslu-
ráði Reykjavíkur, sem hafi vísað því til menntamálaráðuneytisins
21. september 1983. Niðurstaða ráðuneytisins hafi hinn 7. október
1983 verið sú, að störf þessi væru hluti af vinnuskyldu kennara,
sbr. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 38/1954 um skyldu starfsmanna til að
vinna yfirvinnu, sem yfirboðarar telja nauðsynlega. Enn fremur
hafi ráðuneytið vísað til 8. gr. erindisbréfs fyrir kennara í grunn-
skóla og gr. 6.7. í sérkjarasamningi Kennarasambands Íslands og
fjármálaráðherra 3. september 1982.

Kennarar Vesturbæjarskóla tilkynntu í bréfi dagsettu 21. október
1983, að þeir hefðu áður tekið skýrt fram, „að við munum ekki
taka að okkur gæslu í kaffitímum okkar“. Vísuðu kennarar til aðal-
kjarasamnings fjármálaráðherra og BSRB, sem gilt hefur frá 1.
ágúst 1982, og töldu, að þeir gætu hafnað gæslu í kaffitímum með
stoð í greinum 3.1.3. og 3.1.6. aðalkjarasamningsins, en þar segir,
að heimilt sé að lengja, stytta eða fella niður kaffitíma „með sam-
komulagi fyrirsvarsmanna stofnunar og einfalds meirihluta þeirra
starfsmanna, sem málið varðar“.

Málið var tekið fyrir á fundi samstarfsnefndar Kennarasambands
Íslands og fjármálaráðuneytisins hinn 21. október 1983, og hinn 24.
sama mánaðar ritaði fjármálaráðuneytið Kennarasambandinu bréf,
en þar stendur m.a. svo:

„Kjarasamningar, bæði aðalkjarasamningur B.S.R.B. og sérkjarasamningur Kennarasambands Íslands, gera ráð fyrir, að störf sem unnin eru í kaffitíma, séu greidd með yfirvinnukaupi. Ekki er að finna í þessum samningum nein þau ákvæði, er séu því til hindrunar, að unnið sé í kaffitíma. Þvert á móti eru samningsákvæðin allrúm, að því er varðar heimildir til breytinga eða niðurfellinga á kaffitímum svo og til greiðslu á yfirvinnu sé kaffitíminn unninn.

Ótvírætt er, að samningsákvæði fá ekki breytt lögum. Ótvíræð er skylda starfsmanna til að vinna yfirvinnu, sbr. 31. grein laganna um réttindi og skyldur, en þar segir svo: „Skylt er starfsmönnum að vinna yfirvinnu, sem yfirboðarar telja nauðsynlega.“ Enn fremur skal bent á 28. grein og 29. grein sömu laga, þar sem fjallað er um skyldur starfsmanns til að rækja starf sitt með alúð og samviskusemi í hvívetna og að hlýða löglegum fyrirskipunum yfirmanna um starf sitt.“

Í stefnunni kveður stefnandi lagarök fyrir kröfum sínum vera þau, að skv. 31. gr., sbr. 1. mgr. 29. grein laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sé starfsmanni skylt að vinna yfirvinnu, sem yfirboðarar telja nauðsynlega, og hlýða löglegum fyrirskipunum yfirmanna um starf sitt.

Fyrir liggir, að kennarar í Vesturbæjarskóla hafi fengið fyrirmæli um að sinna gæslustörfum í kaffihléum. Engin ákvæði kjarasamninga leysi starfsmenn undan þeim skyldum, sem á þá séu lagðar í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38/1954.

Skv. 8. gr. erindisbréfs fyrir kennara í grunnskóla nr. 198/1976 beri kennara að hafa umsjón og eftirlit í frímínútum eftir þörfum skólans, enda sé stundaskrá þannig samín, að kennarar fái eðlileg stundahlé og kaffitíma.

Kjarasamningur milli Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og sérkjarasamningur Kennarasambands Íslands geri ráð fyrir, að störf unnin í kaffitíma starfsmanns greiðist með yfirvinnukaupi. Engin ákvæði þeirra samninga veiti starfsmönnum rétt til að neita að vinna í kaffitíma, enda ótvírætt, að samningsákvæði, jafnvel þótt til væru, fái ekki breytt lögum.

Ákvæði kjarasamninga um kaffitíma séu allrúm, að því er varðar heimildir til að lengja, stytta eða fella niður matar- og kaffitíma á vinnustöðum með samkomulagi fyrirsvarsmanna stofnunar og

einfalds meirihluta starfsmanna þeirra, er málið varðar. Þá ráðgeri kjarasamningar, að vinna unnin í matar- og kaffitímum greiðist sem yfirvinna.

Af öllu framangreindu telur stefnandi ljóst, að fjarstætt sé, að kjarasamningar eða lög veiti kennurum rétt til að neita að sinna gæslustörfum í kaffihléum sínum. Stefnandi telji því öll rök til, að dómurinn staðfesti skilning hans á lögum nr. 38/1954 og kjarasamningum við stefndu að þessu leyti og taki stefnukröfur hans til greina.

II.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að Félagsdómur sé sérdómstóll. Af því leiði, að í lögum séu tæmandi talin þau álítaefni, sem lögð verði undir dómsvald hans. Beri að skýra þær heimildir þröngt skv. almennum reglum um lögskýringar.

Heimild sína til þess að leggja þetta mál fyrir Félagsdóm telji stefnandi sig sækja í 34. gr. laga nr. 29/1976 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Greinin hljóði svo: „Félagsdómur dæmir í málum sem rísa á milli samningsaðila um gildi verkfalls, ágreining um skilning á kjarasamningi, félagsréttindi ríkisstarfsmanna, kjörskrárdeilur og hverjir falli undir ákvæði 29. gr. 1. nr. 38/1954.“ Önnur ágreiningsatriði samningsaðila verði ljóslega ekki borin undir úrskurð Félagsdóms.

Í máli þessu telji stefnandi stefnda brjóta gegn 31. gr. laganna um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. 1. mgr. 29. gr. sömu laga.

Ágreiningur um skilning eða túlkun á þessum lögum eigi undir almennu dómstólana, en ekki Félagsdóm, nema hvað sérstaklega sé heimilað, að Félagsdómur ákvarði, hverjir komi undir 29. gr. laganna. Ljóst sé, að óþarfi væri að nefna í 34. gr. laga 29/1976 heimild Félagsdóms til þess að dæma um tiltekin atriði í 29. grein laga nr. 38/1954, ef ágreiningur um lögin í heild sinni ætti undir Félagsdóm.

34. gr. laga nr. 29/1976 sé mun þrengri en 44. gr. laga um stéttarfélag og vinnudeilur nr. 80/1938. Þar sé m.a. heimilað að leggja fyrir Félagsdóm ágreining, er varðar brot á vinnusamningi þeirra aðila, er lögin taka til. Samsvarandi heimild sé ekki að finna í lögum nr. 29/1976. Bent skuli á, að breyting hafi orðið á lögum um kjarasamninga BSRB að þessu leyti árið 1976. Komi fram í greinargerð-

inni með lögnum, að ekki verði önnur mál samningsaðila lögð fyrir Félagsdóm en talin eru í 34. gr. laganna. Í þessu sambandi sé rétt að benda á, að 25. gr. laga 55/1962 og laga 46/1973 hafi verið með öðru orðalagi en 34. gr. núgildandi laga. Til stuðnings framangreindum sjónarmiðum vísar stefndi til frávisunardóms Félagsdóms frá 15. maí 1979, en sá dómur hafi síðar hlotið staðfestingu Hæstaréttar.

Stefndi leggur áherslu á, að ekki sé ágreiningur um, hvað standi í kjarasamningnum. Ágreiningurinn sé fyrst og fremst um það, hvort yfirmenn hafi boðunarvald yfir kennurum, sem byggist á 31. gr. laga nr. 38/1954.

III.

Stefnandi vísar því algerlega á bug, að sakarefni málsins sé utan dómsvalds Félagsdóms.

Kjarni málsins sé ólíkur skilningur aðila á ákvæðum aðalkjarasamnings BSRB og fjármálaráðherra á dómskjali nr. 21, sérkjarasamningi Kennarasambands Íslands og fjármálaráðherra um grunnskóla á dómskjali nr. 22 og samkomulagi um vinnutíma og kennsluskyldu grunnskólakennara á dómskjali nr. 23.

Deilt sé um, hvort kennarar eigi rétt á kaffitímum samkvæmt kjarasamningum eða hvort þeim sé skylt að vinna þá sem yfirvinnu samkvæmt 31. gr. laga nr. 38/1954 innan þeirra marka, sem yfirvinnuskylda hvílir á starfsmönnum ríkisins.

Í 31. gr. sé ákvæði þess efnis, að öllum ríkisstarfsmönnum sé skylt að vinna yfirvinnu, sem nemi allt að þriðjungi af vikulegri vinnuskyldu. Í greininni sé ekkert afmarkað, hve margar klukkustundir á viku vinnuskylda sé né hvað teljist yfirvinna. Hvort tveggja hafi verið atriði, sem ákveðin séu í kjarasamningum, frá því að ríkisstarfsmenn fengu samningsrétt um kaup og kjör með lögum nr. 55/1962.

Í 3. grein aðalkjarasamnings sé fjallað um matar- og kaffitíma.

Í gr. 3.1.5. sé sérákvæði um kaffitíma kennara, sem skuli vera 20 mínútur árdegis alla daga vikunnar og 15 mínútur síðdegis í þeim skólum, sem starfa a.m.k. þrjár heilar kennslustundir eftir kl. 13.00.

Í gr. 3.1.6. segi, að kaffitíma megi lengja, stytta eða fella niður með sama hætti og matartíma „með samkomulagi fyrirsvarsmanna

stofnunar og einfalds meirihluta þeirra, sem málið varðar“, sbr. gr. 3.1.2.

Um kennara sé beint ákvæði í sérkjarasamningi, gr. 6.7, en þar segi, að „í skólum þar sem nauðsyn er á gæslu nemenda í frímínútum eða kaffihléum skal greiða gæslutímann með yfirvinnukaupi. Þau kennsluhlé, sem framangreint nær til og fjöldi kennara, sem við störf þessi er hverju sinni, skulu háð samþykki fræðslustjóra“.

Um ofangreint ákvæði kjarasamninga aðila sé deilt og skilning á því, hvernig þau tengist yfirvinnuskyldu samkvæmt 31. gr. starfsmannalaganna.

Enginn vafi sé á, að hér sé um að ræða ágreining um skilning á kjarasamningi, slíkum sem dómsvald Félagsdóms taki til samkvæmt 34. gr. laga nr. 29/1976, þó að nauðsynlegt sé að taka afstöðu til 31. gr. þeirra laga í því sambandi.

Stefnukrafan sé sett fram og mótuð með það í huga, að ágreiningsefnið sé ekki lengur einskorðað við að vera milli kennara Vesturbæjarskóla og stefnanda, heldur er upp kominn almennur ágreiningur milli Kennarasambandsins og fjármálaráðuneytisins um rétt grunnskólakennara til að neita að sinna gæslustörfum og taka kaffihlé með stoð í ákvæðum kjarasamnings.

Stefnandi vitnar máli sínu til stuðnings til dóms Félagsdóms 15. mars 1967 í máli fjármálaráðherra gegn BSRB f.h. Póstmannafélags Íslands. Þar sé ótvírætt fordæmi fyrir því, að Félagsdómur hafi vald til að dæma í þeim ágreiningsmálum, sem lúta að skilningi á kjarasamningum aðila og hversu ákvæði 31. gr. laga 38/1954 horfa við gagnvart ákvæðum þeirra.

Ef sú röksemd stefnda, að dómsvald Félagsdóms nái ekki til þeirra ágreiningsmála um skilning á kjarasamningum, þar sem nauðsynlegt væri að túlka ákvæði laga í samhengi við túlkun kjarasamnings, væri dómsvald Félagsdóms, að því er tekur til úrlausnar um skilning á efni kjarasamninga, þrengt langt umfram það, sem eðlilegt megi teljast og gilt hafi, sbr. áðurnefndan dóm Félagsdóms. Beri því að hrinda hinni framkomnu frávísunarkröfu.

IV.

Álit dómsins.

Svo sem að framan greinir, er dómkrafa stefnanda í máli þessu sú, að viðurkennt verði með dómi, að kennurum í grunnskólum sé

skylt að sinna gæslustörfum í kaffihléum sínum skv. löglegum fyrirmælum yfirmanna sinna og í samræmi við ákvæði 31. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Á gildandi kjarasamning er ekki minnst í kröfunni. Í greinargerð segir stefnandi hins vegar, að um það sé deilt í máli þessu, hvort kennarar í grunnskólum eigi rétt til á grundvelli ákvæða kjarasamninga að neita að sinna gæslustörfum, og hið sama kom fram í málflutningi hans. Vísaði hann til ákvæða aðalkjarasamnings fjármálaráðherra og BSRB, sérkjarasamnings Kennarasambands Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, samkomulags um kennsluskyldu grunnskólakennara og 31. gr. laga nr. 38/1954 í þessu sambandi.

Þrátt fyrir annmarka í kröfugerð stefnanda verður að líta svo á, að ætlun stefnanda hafi verið samkvæmt framansögðu, að Félagsdómur skæri úr um framangreint deiluefni á grundvelli kjarasamninga, enda var málið þannig reifað við hinn munnlega flutning um frávísunarkröfuna. Slíkt ágreiningsefni fellur undir úrskurðarvald Félagsdóms, sbr. 34. gr. laga nr. 29/1976.

Að svo vöxnu máli þykir ekki vera næg ástæða til að taka frávísunarkröfu stefnda til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í þessum þætti málsins.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hin framkomna frávísunarkrafa er ekki tekin til greina.
Málskostnaður fellur niður.

Dómur Hæstaréttar 10. maí 1984.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. tl. 67. gr. laga nr. 80/1938 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru, er afhent var forseta Félagsdóms 13. apríl sl., en barst Hæstarétti 18. s.m. Krefst hann þess, að málinu verði vísað frá Félagsdómi og að sér verði dændur kærúmálskostnaður og málskostnaður fyrir Félagsdómi.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefst hann kærúmálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Þriðjudaginn 24. apríl 1984.

Nr. 1/1984.

Alþýðusamband Íslands f.h.
Félags framreiðslumanna og vegna
Arnar Ólafssonar

(Atli Gíslason hdl.)

gegn

Vinnuveitendasambandi Íslands f.h.
Sambands veitinga- og gistihúsa vegna
Veitingahússins Álfabakka 8 h/f

(Kristján Þorbergsson cand.jur.).

Kjarasamningur. Forgangsréttur. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Bjarni Kristinn Bjarnason, Björn Helgason, Gunnlaugur Briem, Árni Guðjónsson og Gunnar Guðmundsson.

Málið, sem var tekið til dóms 9. þ.m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 26. janúar 1984 af Alþýðusambandi Íslands f.h. Félags framreiðslumanna og vegna Arnar Ólafssonar framreiðslumanns, Safamýri 36, Reykjavík, gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f.h. Sambands veitinga- og gistihúsa vegna Veitingahússins Álfabakka 8 h/f, Reykjavík, nafnnúmer 9162-8783.